

**Nd.**

**163. Tillaga**

til þingsályktunar um dýrtiðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins dýrtiðaruppbót árið 1934 eftir sömu reglum og jafnháa og gert hefir verið árið 1933.

Þessi heimild nær einnig til stofnana ríkisins, er greiða dýrtiðaruppbót á laun eftir sömu reglum og ríkissjóður, og til dýrtiðaruppbótar á eftirlaun og styrki samkv. 18. gr. fjárlaga.

**Greinargerð.**

Tillagan er flutt eftir ósk fjármálaráðherra.

Að efni til tekur tillagan til frumvarps þess, er borið hefir verið fram af þremur þm. í neðri deild (41. mál, þskj. 56). Telur n., að afgreiðsla þess frv. verði óþörf, ef tillagan verður samþykkt.